

Eiríkur Rögnvaldsson:

Þágufallssýkin og fallakerfi íslensku

1. Inngangur

Ég hef stundum heyrt því haldið fram sem ástæðu fyrir baráttu gegn hinni illræmdu „þágufallssýki“, að „sýki“ þessi veikli fallakerfi málsins; þegar menn hætti að segja **mig langar** og segi þess í stað **mér langar** minnki notkun þolfallsins, og þar með viðnámsþróttur þess. Í fyrstu hljómar þetta sennilega. Það má minna á, að í grein í **Skímu** fyrir nokkru taldi Bent Chr. Jacobsen (1980) að „þágufallssýki“ væri rangnefni; það væri miklu fremur **þolfallið**, sem væri „sjúkt“. Það er nefnilega ekki bara þágufall sem kemur í stað þolfallsins; nefnifall gerir það oft líka. Íðulega er sagt **báturinn rak að landi** og **reykurinn leggur upp** í stað **bátinn rak að landi** og **reykinn leggur upp**. Meira að segja kemur hvort tveggja fyrir með sömu sögn; í stað **mig dreymir** getur komið bæði **ég dreymi** og **mér dreymir**.

Það virðist sem sé vera sterk tilhneiging í málinu til að útrýma þolfalls-, „frumlögum“,¹ en setja þágufall eða nefnifall í staðinn. Bent Chr. Jacobsen (1980) telur að þolfallsfrumlög séu leifar af svokölluðu „ergatífu“ kerfi, sem málið leitist við að útrýma, þar sem það sé ekki lengur virkt, og aðeins til af því stírnaðar eftirhreytur. Hann telur það því

miklu fremur hreystimerki en sjúkdómseinkenni að málið reyni að losa sig við þessar leifar.

Ég skal ekki fara nánar út í skýringar Bents hér, en vísa til greinar hans. Mig langar hins vegar til að bæta aðeins við, og velta upp nýrri hlið málsins í eftirfarandi spurningu:

Getur verið að þágufallssýkin sé ekki einasta „eðlileg“ og „heilbrigð“ þróun málsins, heldur jafnframt að einhverju leyti „æskileg“?

Ég gæti trúað að íslenskukennarar sem barist hafa við „sýkina“ í heilan mannsaldur myndu seint svara þessari spurningu játandi. Þannig færi mér a.m.k. í þeirra sporum. Ef ég væri hins vegar að hefja íslenskukennslu í grunnskóla eða framhaldsskóla, þægi ég líklega jákvætt svar með þökkum, því að þar fengi ég réttlætingu fyrir því að tíma ekki að verja stórum hluta starfsævinnar í baráttu gegn „sýkinni“. Og af því að mér þykir mun líklegra að ég eigi eftir að standa í síðarnefndu spurnum (hins er a.m.k. langt að biða), ætla ég hér að færa nokkur rök að því, að játandi svar við spurningunni geti hugsanlega átt rétt á sér.

2. Þróun fallakerfisins

Í formóður íslenskunnar, indóevrópsku, voru forsetningar

fáar og lítið notaðar. Hins vegar var fallakerfið fjölbreytt; yfirleitt er gert ráð fyrir 7–8 föllum (sbr. Krahe 1969:7). Þessi fjöldi bætti upp forsetningafátæktina, því að hægt var að tjá með sérstakri fallmynd margt það sem við þörfnumst nú aðstoðar forsetningar til að tákna, s.s. hreyfingu til staðar eða frá, dvöl á stað, tímalengd, verkfæri sem notað var við ákveðna athöfn, o.s.frv.

Síðan hefur það gerst í þróun indóevrópskra mála, að forsetningum hefur fjölgað, en föllum jafnframt fækkað. Þessa gætir talsvert í forngrísku og latínu, að ekki sé talað um forníslensku. Í fornu máli var þó enn til mikill fjöldi svonefndra „aukafallsliða“ (sjá t.d. Nygaard 1966). Meginhluta þeirra er líklega hugsanlegt að nota í nútímamáli; þó gætum við tæplega talað um að sjá **augum** og **heyra eyrum**, né sagt **komið annars dags** eða **gekk hann miðrar brautar**; og ekki heldur **ég fékk þér silfrið skömmu**.² Það er oft útmálað í málvöndunarpistlum hvílikur sjónarsviptir yrði að aukafallsliðum (sjá t.d. Gíslí Jónsson 1982), og jafnframt látinn í ljós ótti um að þeim fari fækkandi, en forsetningarliðir komi í staðinn. Bent er á að í samböndum eins og **samningar milli Breta og Íslendinga** og **hann var hér í marga daga** séu forsetn-

1) Því hefur að visu vanalega verið beitt sem skilgreiningaratriði á frumlög í íslensku, að þau séu í nefnifalli. Því má þó ekki geyma, að **frumlag** er setningafræðilegt hugtak, sem hlýtur að verða að skilgreina með setningafræðilegum rökum, ekki beygingarlegum. Og þar eð Hóskuldur Þráinsson (1979, 7. kafli) hefur sýnt fram á að **setningafræðilega** séð haga aukafallsnafn-

liðir með ópersónulegum sögnum sér að flestu leyti eins og frumlög, virðis: engin ástæða til að kalla þá eitthvað annað.

2) Öll þessi dæmi eru samhljóða eða hliðstæð dæmum hjá Nygaard (1966).

ingamar, milli og í, óþarfar, og betur fari á að sleppa þeim (Gísli Jónsson 1980).

En þótt aukafallsliðir séu tíðhafðir í íslensku fornmáli, þá er forsetninganotkun þar vissulega mikil. Það leiðir til þess að föllin verða að nokkru leyti umfröm — forsetningin ein dugar til að sýna afstöðu nafnliðarins til annarra liða í setningunni. Það þarf sem sé ekki að reiða sig eingöngu á fallendinguna eins og áður. En hverju breytir það?

Nú má ekki gleyma því að málið er fyrst og fremst samskiptatæki manna. Það virðist ekki fjarstætt að ætla að það hlutverk hafi einhver áhrif á þróun þess. Þau áhrif gætu t.d. komið fram sem einföldun flókinnna reglna, eða útrýming atriða sem ekki gegndu neinu hlutverki. Það er tæplega tilviljun, að falla-fækkun t.d. í grísku og latínu skuli fara saman við fjölgun forsetninga. Þegar forsetninganotkun eykst, minnkar hlutverk fallanna stórum, og þá er jafnframt eðlilegt að staða þeirra í málkerfinu veiklist. Sú leið opnast, að málið hætti að tákna hvert fall sérstaklega á ákveðinn hátt — með endingum, hljóðskiptum eða öðru — og þar með að mörg föll renni saman, þannig að ekki sé lengur hægt að gera ráð fyrir hverju þeirra sem sérstakri formdeild í málinu. Þetta er sú leið sem mörg grannmál okkar hafa farið, eins og kunnugt er; og búast hefði mátt við að íslenskan færi sömu leið, eða a.m.k. ætti það í vændum.³

Það er þó alkunna, að beygingakerfi íslensku hefur breyst tiltölulega lítið (um ýmsar hugsanlegar ástæður fyrir litlum breytingum málsins sjá t.d. Helgi Guðmundsson 1977); og ekki virðast sérstök teikn á lofti um hrun fallakerfisins í nánustu framtíð. Þótt sumir tali um veik-

un þolfallsins eins og áður segir, og reyndar eignarfallsins líka (Helgi Skúli Kjartansson 1979), virðast breytingar á fallakerfinu yfirleitt felast í því að tekið sé að nota önnur föll en áður í vissum samböndum, en ekki í því að alveg sé hætt að beygja orðin.

Það er auðvitað erfitt að fullyrða nokkuð um það, hvers vegna föllin hafi þrátt fyrir allt haldist í íslensku. Þó má benda á að það er ekki eingöngu aukin forsetninganotkun sem stuðlar að því að gera föllin umfröm; föst orðaröð hefur líka áhrif í þá átt (sbr. Traugott 1972: 122—123). Nú er yfirleitt talið að orðaröð íslensku sé tiltölulega frjáls (sjá t.d. Jakob Jóh. Smári 1920:247), og því mega föllin síður missa sig en t.d. í ensku. Í setningu eins og **Guðmund barði Sveinn** er munur nefnifalls og þolfalls nauðsynlegur til að ljóst sé hvor barði hvorn.

Á hinn bóginn er nokkuð ljóst að orðaröð nútímamáls er mun skorðaðri en orðaröð forníslensku (sjá t.d. Kossuth 1978; Halldór Ármann Sigurðsson 1982:2). Því mætti búast við að dregið hefði úr hlutverki fallmörkunar í nútímamáli. Það má ekki heldur gleyma því, að forsendur fyrir varðveislu „umframra“ eða „óþarfra“ aðgreininga í málinu eru nú allt aðrar en áður. Nægir þar að benda á að fyrir nokkrum áratugum lærði meginhluti barna málið af foreldrum sínum, og jafnvel öfum og ömmum; nú læra börnin málið að miklu leyti af jafnöldrunum. Það þarf ekki að eyða mörgum orðum að því hvað þetta hlýtur að ýta undir allar tilhneigingar til breytinga í málinu.

3. Hlutverk fallanna

Samkvæmt framansögðu mætti búast við því að málið losaði sig smám saman við föllin,

þegar þau yrðu óþarfa „skraut“; og það hafa grannmál okkar gert, eins og áður var nefnt. En önnur leið er líka hugsanleg. Hún er sú, að föllunum sé gefið nýtt hlutverk, sem stuðli að varðveislu þeirra — sjái til þess að þau séu ekki bara „skraut“. Við skulum nú athuga hvort þessu geti verið þannig varið um föllin í íslensku; hafa þau einhver sérstök hlutverk?

Nefnifallið hefur auðvitað sterka stöðu sem almennt frumlagsfall. Virðist ekkert lát á því sem slíku; þótt einstaka sögn eins og **hlakka** hafi tilhneigingu til að taka annað frumlagsfall, koma aðrar í staðinn (s.s. **dreyma**, **reka**, **leggja** í dæmunum hér að framan). Þá er nefnifall einnig notað á sagnfyllingum.

Eignarfallið virðist líka standa styrkum fótum sem „andlagsfall“ nafnliða, þ.e. svonefnd **eignarfallseinkunn** (hús **Jóns** o.s.frv.). Meira að segja er oft í málvöndunarþáttum í blöðum og útvarpi kvartað undan ofnotkun eignarfallsins í svonefndu „stofnana-máli“. Það má líka benda á að eignarfallið hefur varðveist í flestum grannmálum.

Þolfallið virðist nálgast það meira og meira að verða almennt andlagsfall, bæði sagna og forsetninga. Þetta kemur, að því er virðist, sjaldan fram á þann hátt að sagnir og forsetningar breyti fallstjórn sinni; en hitt er algengt, að sagnir sem stjórna þágufalli og eignarfalli falli í skuggann fyrir öðrum — sömu eða svipaðrar merkingar — sem stjórna þolfalli. Nú tala menn fremur um að **klára verkið** (þf.) en **ljúka verkinu** (þgf.), og **elska einhvern** (þf.) fremur en **unna einhverjum** (þgf.). Talað er um að **drepa** eða **myrða einhvern** (þf.) fremur en **bana einhverjum** (þgf.); og við **keyrum einhvern** (þf.) **heim** í stað þess að **aka honum** (þgf.). Enn

3) Það þarf vart að taka fram að það sem hér er sagt um tengslin milli **hlutverks** og **stöðugleika** ákveðins atriðis í máli eru ekki mínar hugmyndir. Nægir þar að benda á hugtök sem notuð hafa

verið í hljóðkerfisfræði, eins og „functional yield“ hjá Martinet (1952).

fremur þössum við börn (þf.) fremur en gæta þeirra (ef.). Sama gildir raunar um forsetningar; Gísli Jónsson (1980) talar um „ofnotkun forsetningarinnar fyrir, sem ryður gjarna burt handa, til og á, svo að dæmi séu tekin. Gjafir fyrir alla, í stað gjafir handa öllum, ástæða fyrir einhverju í stað ástæða til einhvers og líkur fyrir einhverju í stað líkur á einhverju . . .“. Það er auðvitað ekki hægt að fullyrða að þessi aukna notkun fyrir stafi af því að hún stjórnar þolfalli, en hinar þágufalli eða eignarfalli; en mér finnst þó freistandi að álykta sem svo, einkum þar sem það virðist í samræmi við þróunina í sagnanotkun. Þar að auki virðast flestar nýjar sagnir (nýyrði eða tökuorð) stjórna þolfalli, eins og fljótlegt er að ganga úr skugga um í Slangurorðabókinni (Mörður Árnason, Svavar Sigmondsson og Örnólfur Thorsson 1982). Þótt þolfallið hyrfi sem frumlagsfall með vanta, langa, dreyma, reka (á land) og nokkrum fleiri, berst því nægur liðs- auki í staðinn; og raunar má halda því fram að hvarf þess sem frumlagsfall styrki það fremur í sessi í málinu, þar sem andlags- hlutverk þess verður þá ótvíræðara og augljósara.

En hvað um þágufallið? Hvert er hlutverk þess? Ýmsar sagnir og forsetningar, sem stjórna þágufalli, eru auðvitað enn í fullu fjöri; en einnig hafa nokkrar sagnir frá fornu fari þágufallsorð í frumlagsseti, t.d. líka, þykja, finnast.⁴ Þessar sagnir tilheyra svipuðu merkingarsviði og t.d. langa, vanta, hlakka; frumlag þeirra er ekki gerandi, heldur e.k. þolandi eða skynjandi — þessar sagnir tákna sem sé eitthvað sem er manni ekki sjálfrátt. Sagnir af þessu sviði virðast hneigjast til að

hafa þágufallsfrumlag. Á þetta bendir t.d. Höskuldur Þráinsson (1979: 475—476), og telur hugsanlegt að í nútímamáli sé að koma upp einhver formlegur, reglubundinn greinarmunur á „gerandafrumlögum“ (sem eru í nf.) og „þolandafrumlögum“ (sem eru í þgf.). Þetta leiðir þá til þess, að þágufallið fær sitt sérstaka hlutverk, rétt eins og hin föllin. „Þágufallssýkin“ styrkir þetta hlutverk á tvennan hátt; bæði með því að fjölga þeim sögnum sem taka þágufallsfrumlag, og með því að fækka jafnframt þeim „þolandafrumlögum“ sem hafa eitthvert annað fall, sem gerir regluna óljósari.

Af framansögðu er ljóst að færa má rök að því að hvert fall hafi sitt sérstaka hlutverk í nútímaíslensku. Nefnifall táknar frumlag sem er gerandi; þágufall táknar frumlag sem er þolandi eða skynjandi; þolfall er andlagsfall sagna og forsetninga; og eignarfall er „andlagsfall“ nafnliða. Auðvitað eru fjölmargar undantekningar frá þessu, en þróunin virðist ótvírætt vera í

þessa átt. Í stað þess að losa sig við þolfall og þágufall þegar þau missa hið upphaflega hlutverk sitt, eins og grannmálin hafa gert, grípur íslenskan til þess ráðs að gefa þeim ný hlutverk, sem hljóta að stuðla að varðveislu þeirra.

4. Lokaorð

Niðurstaðan er því sú, að hugsanlegt er að „þágufallssýkin“ sé ekki einungis hreystimerki á málinu, eins og Bent Chr. Jacobsen (1980) taldi; hún sé líka mikilvægur þáttur í viðhaldi fallakerfisins. Sé svo, hlýtur barátta gegn henni að teljast varhuga- verð. Ég fæ ekki séð að samhengið í íslenskum bókmenntum rofni þótt nokkrar sagnir breyti um frumlagsfall. Hrun fallakerfisins hefði hins vegar geysiviðtækar afleiðingar, eins og óþarft er að útmála.

Að endingu skal það tekið fram, að þessar vangaveltur um þátt „þágufallssýkinnar“ í varðveislu fallakerfisins eru auðvitað ósannaðar — og verða raunar hvorki sannaðar né afsannaðar, að því er ég best fæ séð, og teljast

4) Þessar sagnir hafa reyndar oft fallorð í nefnifalli næst á eftir sér, og er það þá vanalega greint sem frumlag, en sagnirnar ekki taklar ópersónulegar. Það er rétt að sagnirnar geta samræmst þessu nefnifallsorði í tölu (mér finnast berin góð); en eigi að síður má færa rök að því að þær séu engu síður ópersónulegar en langa og vanta. Í fyrsta lagi hagar þágufallsliðurinn fyrir framan

þær sér eins og frumlag setningafræðilega. Í öðru lagi geta sagnirnar aldrei samræmst eftirfarandi nefnifallsorði í persónu, eins og búast mætti við ef það væri frumlag. Við getum sagt bæði honum þykir þeir góðir og honum þykja þeir góðir; hins vegar er útilokað að segja honum þykjum við góðir eða honum þykið þið góðir. Þar er aðeins 3. pers. et. hugsanleg.

þar með ekki til vísindalegra tilgátna í strangasta skilningi. Hins vegar þótti mér ástæða til að setja þær hér fram, þó ekki væri nema til að mótmæla þeirri staðhæfingu sem nefnd var hér í upphafi, að „þágufallssýkin“ veikli fallakerfið. Eins og hér hefur komið fram, hef ég trú á að því sé einmitt þveröfugt farið. Og þótt ég geti ekki sannað mál mitt, vona ég að það verði til að benda einhverjum á að margs er að gæta í baráttu gegna málbreytingum.

Þar með er ekki sagt að ég sé endilega og undir öllum kringumstæðum á móti slíkri baráttu. En í þessu tilviki er önnur ástæða til að fara með gát — ástæða sem Bent Chr. Jacobsen drap á í grein sinni í *Skímu* (1980). Þar bendir hann á þá hættu, að þeir sem — af einhverjum ástæðum — ekki tileinka sér hið „fyrirskipaða“ mál, verði undir í þjóðfélaginu. Nú verður ekki betur séð en þessi hættu, að íslenska verði stéttskipt mál, sé við bæjardyrnar. Um það vitnar nýleg rannsókn Ástu Svavarsdóttur, þar sem fram kemur að börnum ófaglærðs

verkfólks virðist ganga mun verr að tileinka sér hina „fyrirskipuðu“ fallanotkun með ópersónulegum sögnum en börnum menntafólks (Ásta Svavarsdóttir 1982:45). Auðvitað er þessi könnun svo takmörkuð að varast ber að draga af henni stórar ályktanir. En hún bendir okkur á, eins og vangaveltur mínar hér að framan áttu að gera, að nauðsynlegt er að fara varlega í „málboðun“.

Heimildir

- Ásta Svavarsdóttir. 1982. „Þágufallssýki.“ Breytingar á fallnotkun í frumlagssæti ópersónulegra setninga. *Íslenskt mál* 4:19—62.
- Gisli Jónsson. 1980. *Íslenskt mál* 37. þáttur. *Morgunblaðið* 10. febrúar, bls. 7.
- . 1982. *Íslenskt mál*. 172. þáttur. *Morgunblaðið* 20. nóvember, bls. 9.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1982. *Nokkrar ábendingar um mismun á setningaskipun formáls og nútímamáls*. [Fjölrit.] Háskóli Íslands, Reykjavík.
- Helgi Guðmundsson. 1977. Um ytri aðstæður íslenskrar málpróunar. *Sjötiú ritgerðir helgaðar Jakobi Benediktssyni*, bls. 314—325. Stofnun Árna Magnússonar, Reykjavík.

- Helgi Skúli Kjartansson. 1979. Eignarfallsflótti. Uppástunga um nýja málvillu. *Íslenskt mál* 1:88—95.
- Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. Garland Publishing, New York.
- Jacobsen, Bent Christian. 1980. Þágufallssýki og upersónlige sætningar. *Skíma* 3, 2:17—22.
- Jakob Jóh. Smári. 1920. *Íslensk setningafræði*. Bókaverzlun Ársæls Árnasonar, Reykjavík.
- Kossuth, Karen C. 1978. Icelandic Word Order: In Support of Drift as a Diachronic Principle Specific to Language Families. *Proceedings of the Fourth Annual Meeting of the Berkeley Linguistics Society*, bls. 446—457.
- Krahe, Hans. 1959. *Indogermanische Sprachwissenschaft*. II. Formenlehre. 5. Aufl. Walter de Gruyter & Co., Berlin.
- Martinet, André. 1952. Function, Structure, and Sound Change. *Word* 8:1—32.
- Mörðar Árnason, Svavar Sigmundsson og Örnólfur Thorsen. 1982. *Orðabók um slangur slettur bannorð og annað utangarðsnál*. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Nygaard, Marius. 1966. *Norron syntax*. [2. útg.] H. Aschehoug & Co. (W. Nygaard), Oslo.
- Traugott, Elizabeth Closs. 1972. *A History of English Syntax*. A Transformational Approach to the History of English Sentence Structure. Holt, Rinehart and Winston, New York.